

## Stjórnarfundur 19. febrúar 2019

Mættir: Hjörtur Bergstað, Svafar Magnússon, Sigurbjörn Þórmundsson, Leifur Arason, Heiðrún Sigurðardóttir og Einar Gíslason.

*Málefni tekin fyrir:*

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar borin upp og hún samþykkt samhljóða.

### 2. Almennadalur

Rætt um deiliskipulagsmál í Almennadal. Leifur sér um að boða til fundar með þeim aðilum úr Fáki sem stóðu að úthlutunarmál á sínum tíma.

### 3. Myndavélakerfi

Farið yfir tilboð sem borist hefur í myndavélakerfi fyrir reiðhöllina. Samþykkt að leita fleiri tilboða til samanburðar.

### 4. Lyklakerfi

Farið yfir tvö tilboð sem borist hafa í lyklakerfi í reiðhöll og félagsheimili. Samþykkt að taka lægra tilboðinu frá Vélum og verkfæri ehf.

### 5. Opnunartími reiðhallar

Eitthvað hefur verið á reiki hvort lyklar 2 gangi að reiðhöllinni frá kl. 14 virka daga eða frá kl 16. Samþykkt að hafa aðgengi opið frá kl 14 fyrir lykla 2.

### 6. ÍBR þing

ÍBR þing verður haldið 20. – 21. mars nk. í Laugardalshöllinni. Fákur þarf að skila inn lista yfir fulltrúa Fáks á þinginu fyrir 27. febrúar nk. Hjörtur og Einar skoða betur hve marga fulltrúa Fákur hefur á þinginu.

### 7. Önnur mál

#### a. Notkun á reiðhöllinni

Rætt nýtingu á reiðhöllinni þegar hún er leigð undir einkatíma á háannatímum (jan-mars). Samhljómur um að nýta megi plássid betur fyrir fleira fólk. Samþykkt að hafa það fyrir stefnu að beina þeim aðilum sem sækjast eftir að leigja höllina á háannatíma frekar til Sigurbjörns í D-tröðunni ef mögulegt.

#### b. Hrossaræktarfundur

Sveinn Steinarsson formaður Félags hrossabænda sóttist eftir að fá aðstöðu hjá Fáki til að halda hrossaræktarfund sem er partur af fundarferð hans og Þorvaldar Kristjánssonar um landið. Stefnt er á að halda fundinn hjá Fáki þann 25. febrúar nk. Samþykkt að bjóða salinn í reiðhöllinni eða félagsheimilið undir þetta og bjóða upp á kaffi og með því.

#### c. Félag eldri Fákafélaga

Eldri Fákafélagar vilja halda áfram að hittast reglulega eins og gert hefur verið síðustu ár. Samþykkt að Fákur haldi áfram að bjóða uppá veitingarnar.

#### d. Fjármál

Unnið er að því að fá áður umsamdar greiðslur frá Reykjavíkurborg. Bréfi þess efnis var var vísað til Íþróttá- og tómstundaráðs og bíður þar úrvinnslu.

#### e. Félagsheimili – veitingasalur

Auglýsing hefur verið sett fram á heimasíðu Fáks. Samþykkt að auglýsa líka í prentmiðlum.

HS.

*f. TM reiðhöllin – samningurinn og auglýsingar*

Núverandi samningur milli TM og Fáks gildir fyrir árin 2018 og 2019. Einar skoðar hver staðan er á greiðslum vegna samningsins, ásamt því að senda út reikninga vegna fastra auglýsinga í höllinni.

*g. Hestar vs. hjól*

Rætt um útreiðar, hjólreiðar og samspil þessara tveggja tólmstunda á sameiginlegum útivistarsvæðum. Hjólreiðar munu bara aukast með árunum og því nauðsynlegt að ráðast í einhvers konar forvarnarstarf sem miðar að því að koma jákvæðri umræðu í gang og upplýsa um þær hættur sem geta hlotist af þekkingaleysi. Rætt um möguleika fyrir kynningarefni og betri merkingar reiðvega.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.*

*Fundargerð ritaði Heiðrún Sig.*

Heiðrún Sig. 